

Mánudaginn 4. apríl 1955.
 Nr. 2/1955. **Hreiðar Aðalsteinsson**

(Agnar Gústafsson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands
 ísl. sjálfseignarvörubifreiðarstjóra vegna
 Vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri.**

(Jón Þorsteinsson hdl.).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu
 dómendur.**

Félagsréttindi. Vörubílstjórafélagi talið heimilt að setja það ákvæði í samþykktir sínar, að félagsmenn hafi afgreiðslu á sameiginlegri stöð félagsins.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 1. marz þ. á. af Hreiðari Aðalsteinssyni vörubifreiðarstjóra á Akureyri gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarvörubifreiðarstjóra vegna vörubílstjórafélagsins Vals á Akureyri. Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmt að skylt að veita stefnanda inngöngu í vörubílstjórafélagið Val á Akureyri með fullum félagsréttindum og sé stefnanda þó sem félagsmanni heimilt að hafa afgreiðslu fyrir bifreið sína á þeirri bifreiðastöð, sem hann kys. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Á Akureyri starfar vörubílstjórafélagið Valur og er það stéttarfélag sjálfseignarvörubílstjóra. Samkvæmt 2. gr. samþykktá þess er tilgangur félagsins sá, að efla samvinnu og hag sjálfseignarvörubifreiðarstjóra. Skal tilgangi þessum náð m. a. með því, að ákveða taxta fyrir akstur, gera samninga við atvinnurekendur um kaup og kjör og vinna á allan hátt að hagsmunamálum félagsmanna.

Hinn 13. september f. á. gerði Valur kjarasamning við

atvinnurekendur á Akureyri og var í samningi þessum m. a. svo um samið, að félagsmenn Vals skyldu hafa forgangsrétt til bifreiðaleigu á félagssvæðinu og út af því.

Þegar þessi samningur var gerður, voru starfræktar þrjár vörubifreiðastöðvar á Akureyri: Bifreiðastöðin Stefnir, Bifreiðastöðin Bifröst og Vörubílastöðin. Um s.l. áramót tók vörubílstjórafélagið Valur við rekstri Bifreiðastöðvarinnar Stefnis og rekur hana nú. Um þær mundir, eða 9. janúar s.l., var jafnframt gerð sú breyting á samþykktum Vals, að við 2. gr. þeirra var bætt þessu ákvæði:

„Það er ennfremur tilgangur félagsins að reka eina sameiginlega bifreiðastöð fyrir alla félagsmenn, enda er sérhver félagsmaður, sem hefur bifreið sína í akstri, skyldur til að hafa þar afgreiðslu.“

Hinn 27. febrúar s.l. sótti stefnandi máls þessa, sem samkvæmt vottorði bæjarfógetans á Akureyri er eigandi bifreiðarinnar A 859, um inngöngu í Vörubílstjórafélagið Val ásamt 8 vörubílstjórum öðrum, sem allir höfðu þá afgreiðslu á Vörubílastöðinni á Akureyri, enda yrði jafnframt viðurkenndur réttur þeirra til þess að aka frá Vörubílastöðinni, þ. e. hafa afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar þar. Fyrirsvarsmenn Vörubílstjórafélagsins Vals kröfðust þess, að innsækjendur, þar á meðal stefnandi, undirrituðu yfirlýsingu um það, að þeir skuldbindu sig til þess að hlýða lögum og reglum félagsins, en í því fólst m. a. skuldbinding um það, að hafa afgreiðslu á stöð félagsins. Þessu skilyrði töldu umræddir vörubílstjórar sér ekki skylt að hlíta, og þar sem þeir fengu ekki inngöngu í Val án skuldbindingar um afgreiðslu á vörubílastöð félagsins, höfðu þeir stefnandi mál þetta og gerði þær dómkröfur, sem að framan greinir.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að það ákvæði í 2. gr. samþykktu Vals, sem skyldar félagsmenn til þess að hafa afgreiðslu fyrir vörubifreiðir sínar á stöð félagsins, sé andstætt ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938. Sé því óheimilt að taka þetta ákvæði í samþykktir félagsins og gera það að inntökuskilyrði. Félagsmenn í Val hljóti samkvæmt almennum reglum og landslögum að hafa frjálsar hendur um það, hvar þeir kjósi að hafa afgreiðslu fyrir bifreiðar

sinar, og sé slíkt skilyrði skerðing á almennum réttindum og atvinnufrelsi þeirra. Telur stefnandi sig samkvæmt þessu eiga fullan rétt til inngöngu í Val og til þess að njóta þar fullra félagsréttinda, enda þótt hann haldi áfram að hafa afgreiðslu fyrir bifreið sína á annari stöð en þeirri, sem félagið starfrækir.

Stefndi kveðst vera reiðubúinn til þess að veita stefnanda félagsréttindi, ef hann játist undir samþykktir félagsins, en neitar því eindregið, að samþykktir Vals brjóti á nokkurn hátt í bága við 2. gr. laga nr. 80/1938. Heldur hann því fram, að rekstur vörubílastöðvar sé eðlilegur og sjálfsagður þáttur í starfi stéttarfélags vörubílstjóra og beint hagsmunamál þeirra. Félaginu sé því fullkomlega heimilt að binda inngöngu í það því skilyrði, að félagsmenn hafi afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar á stöð, sem félagið rekur sjálft.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 er mönnum rétt að stofna stéttarfélag í þeim tilgangi að vinna að hagsmunamálum verklýðsstéttarinnar og launþega yfirleitt. Fyrir bifreiðarstjóra, sem stunda akstur með eigin bifreiðum, er það mjög mikilsvert hagsmunaatriði, að þeir hafi samastað með bifreiðar sínar, þar sem væntanlegir viðskiptavinir geta greiðlega komizt í samband við þá, og bifreiðastjórunum gefist þannig færi á því, að selja afnot þess tækis, sem þeir hafa atvinnu af að stýra og stjórna. Að þessu athuguðu verður að telja, að rekstur slíkrar miðstöðvar, bifreiðastöðvar, sé hagsmunamál sjálfseignarvörubifreiðarstjóra, sem ákvæði 1. gr. laga nr. 80/1938 taki til. Er vörubílstjórafélaginu Val, sem er stéttarfélag sjálfseignarvörubílstjóra, því rétt samkvæmt 1. gr. nefndra laga að beina starfsemi sinni að því markmiði að reka slíka stöð og setja ákvæði þess efnis í samþykktir sínar. Brýtur það því ekki í báða við 2. gr. nefndra laga, þótt það sé sett að skilyrði fyrir inngöngu í félagið, að félagsmenn hafi afgreiðslu fyrir bifreiðar sínar á þeirri vörubílastöð, sem félagið sjálft starfrækir.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda að kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Landssambands ísl. sjálfseignarbifreiðarstjóra vegna Vörubílstjórafélagsins Vals, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hreiðars Aðalsteinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 3. maí 1955.

Nr. 6/1954. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Djúpavogs vegna Hreins Jónssonar** (Egill Sigurgeirsson hrl.)
 gegn
Vegagerð ríkisins
 (Brynjólfur Ingólfsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómendur.

Vörubifreiðar. Skaðabætur dæmdar vegna brots á forgangs-
 réttarákvæðum kjarasamnings.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 10. nóvember f. á. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verklýðs- og sjómannafélags Djúpavogs vegna Hreins Jónssonar gegn Vegagerð ríkisins.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða kr. 7697.10 eða aðra lægri fjárhæð í skaðabætur vegna brots á ákvæðum 3. gr. kjarasamnings frá 10. júní 1953 ásamt 6% ársvöxtum frá 21. ágúst 1954 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Hinn 10. júní 1953 var undirritaður samningur milli vega-